

## GJALDSKRÁ

### Veitna ohf. fyrir heitt vatn.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir heitt vatn á veitusvæðum Veitna ohf. Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skattsins við áætlaða sölu. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, 11% af vatni til húshitunar og laugarvatns en 24% til annarra nota.

Á veitusvæðum gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli.

#### 2. gr.

##### *Almennir taxtar, mæld notkun.*

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1A-C	Einingaverð	Sala í þéttbýli	129,26	2,59	146,35	kr./m <sup>3</sup>
J1A-C	Einingaverð	Sala í dreifbýli	170,59	3,41	193,14	kr./m <sup>3</sup>

Taxtarnir gilda fyrir alla húshitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

Heitt vatn er selt samkvæmt rúmmetramælingu.

Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu heits vatns.

Veitum ohf. er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Veitur ohf. þær ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Sækja skal skriflega um alla taxa aðra en ofangreinda taxa.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

#### 3. gr.

##### *Almennir taxtar, fast verð.*

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	42,62	0,85	48,25	kr./dag
H1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	89,05	1,78	100,82	kr./dag
H1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	180,46	3,61	204,32	kr./dag

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	48,25	0,97	54,63	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	100,58	2,01	113,87	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	203,56	4,07	230,47	kr./dag

Fast verð er hluti af almennum taxa og í öllum öðrum samningum þar sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er háð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

#### 4. gr.

##### *Gróðurhús og sundlaugar.*

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H3A-C	Einingaverð	Gróðurhús	64,61	1,29	73,15	kr./m <sup>3</sup>
H4A-C	Einingaverð	Sundlaugar	64,31	1,29	73,15	kr./m <sup>3</sup>

**Skýringar:**

Taxtar H3 og H4 varða ekki forgangsvatn. Taxtarnir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Veitna ohf.

H4 taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn þessum taxa ef sundlaugin er aðalþáttur í starfsemi kaupanda.

H3 taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni.

## 5. gr.

*Snjóbræðsla, fiskeldi, ípróttavellir utanhúss og iðnaðarvatn í framleiðsluferla.*

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 24% vsk.	Grunnur
V1A-C	Einingaverð	Snjóbræðsla	129,26	2,59	163,49	kr./m <sup>3</sup>
V2A-C	Einingaverð	Fiskeldi	64,61	1,29	81,72	kr./m <sup>3</sup>
V3A-C	Einingaverð	Ípróttavellir, utanhúss	97,05	1,94	122,75	kr./m <sup>3</sup>
V4A-C	Einingaverð	Iðnaðarvatn í framleiðsluferla	64,61	1,29	81,72	kr./m <sup>3</sup>

**Skýringar:**

Taxtar V1 til V4 varða ekki forgangsvatn. Þeir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Veitna ohf.

V1 taxtinn gildir fyrir sértengt snjóbræðslukerfi.

V2 taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

V3 taxtinn gildir fyrir upphitaða ípróttavelli utanhúss.

V4 taxtinn gildir fyrir atvinnustarfsemi sem nýtir heitt vatn beint í framleiðsluferla. Taxtinn gildir í engum tilvikum fyrir húshitun eða kranavatn.

## 5.1

*Snjóbræðsla.***Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn (aðeins í þéttbýli).**

Taxti	Tegund		Kr.	2% skattur	Með 24% vsk.	Grunnur
	Fast verð		541,49	10,83	684,88	kr./dag
S1	Lágverð	Mælt þegar útihiti er hærri en -5°C	64,61	1,29	81,72	kr./m <sup>3</sup>
S1	Háverð	Mælt þegar útihiti er lægri en -5°C	193,88	3,88	245,22	kr./m <sup>3</sup>

**Skýringar:**

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímamæling), sem Veitur ohf. leggja til. Skilyrði að GSM-samband til fjarmælingar sé til staðar á afhendingarstað.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Veitur ohf. leggja til.

**Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn með flatargjaldi (aðeins í þéttbýli).**

Taxti	Tegund		Kr.	2% skattur	Með 24% vsk.	Grunnur
	Fast verð		541,49	10,83	684,88	kr./dag
S12	Lágverð	Mælt þegar útihiti er hærri en -5°C	64,61	1,29	81,72	kr./m <sup>3</sup>
S12	Háverð	Mælt þegar útihiti er lægri en -5°C	193,88	3,88	245,22	kr./m <sup>3</sup>
S12	Daggjald	Fyrir hvern m <sup>2</sup> snjóbræðslufatar	0,16	0,003	0,20	kr./m <sup>2</sup>

**Skýringar:**

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímamæling), sem Veitur ohf. leggja til. Skilyrði að GSM-samband til fjarmælingar sé til staðar á afhendingarstað.

Taxtinn miðast við að tvöfalt dreifikerfi sé til staðar hjá kaupanda. Daggjaldið er á hvern m<sup>2</sup> snjóbræðslufatar.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Veitur ohf. leggja til.

## 6. gr.

*Frístundahús – hemlataxtar.*

Dreifbýli	Taxti		Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
Sumarhús	Fast verð	Kr. á dag fyrir 3 mínútulíttra	315,26	6,31	356,94	kr./dag
H1	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.líttra umfr. 3 l	63,06	1,26	71,40	kr./dag

**Skýringar:**

Gildir fyrir frístundahús á svæðum Austurveitu, Grímsnesveitu, Hlíðaveitu, Ölfusveitu, Skorradalsveitu, Munaðarnesveitu og Norðurárdalsveitu.

Hitaveituvatn til frístundahúsa er selt um hemil til takmörkunar á rennsli. Mínútulíttri tákna það rennsli sem gefur 1 lítra af vatni á 1 mínútu.

Innifalið í grunnverði eru 3 mínútulíttrar, sem er minnsta magn sem afhent er til sumarhúsa.

Hægt er að sækja um aukið vatnsmagn hvenær sem er en umsókn um minnkun er aðeins framkvæmd mánuðina apríl og maí ár hvert.

Hugsanlegt er að svæðisbundið sé ekki nægt vatn til að verða við óskum um að kaupa aukið vatnsmagn.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

## 7. gr.

*Verðskrá fyrir Rangárveitu dreifbýli.*

Samkvæmt reglugerð nr. 10/2012 um breytingu á reglugerð nr. 297/2006, um Orkuveitu Reykjavíkur með síðari breytingum, nær veitusvæði fyrirtækisins til Hellu og Hvolsvallar og nærliggjandi sveita, eins og það veitusvæði er skilgreint í samningi frá 25. janúar 2005 milli Orkuveitu Reykjavíkur, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps. Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur segir einnig að í þeim tilvikum þar sem á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli skal skilgreining á milli þéttbýlis og dreifbýlis fylgja því hvernig viðkomandi sveitarfélag skilgreinir þéttbýli á aðalskipulagi. Ákvæði 7. gr. gjaldskrár þessarar gilda eingöngu fyrir dreifbýli á því svæði sem framangreindur samningur tekur til. Önnur ákvæði gjaldskrárinnar, s.s. ákvæði 8. gr. um heimlagin gilda einnig á því svæði eftir því sem við á.

## 7.1

*Mæld notkun.*

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A-C	Einingaverð	Sala í dreifbýli	170,59	3,41	193,14	kr./m <sup>3</sup>

## 7.2

*Fast verð.*

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	48,25	0,97	54,63	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	100,58	2,01	113,87	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	203,56	4,07	230,47	kr./dag

## 7.3

*Íbúðarhús – blandaður taxti.*

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
	Fast verð	Grunndagverð	55,12	1,10	62,40	kr./dag
HR5	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.líttra	62,91	1,26	71,23	kr./dag
	Einingaverð	Neysluvatn um rennismæli	164,23	3,28	185,94	kr./m <sup>3</sup>

## 7.4

*Frístundahús – hemlataxti.*

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1	Fast verð	Kr. á dag fyrir 3 mínútulítra	315,26	6,31	356,94	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra umfram 3 l	63,06	1,26	71,40	kr./dag

## 8. gr.

*Heimlagnir – almenn.*

Almennt verð heimlagna gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verð gildir ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Reiknist áætlaður heildarkostnaður við heimplögnina meira en 50% hærri en verðskrá segir til um þá greiðir umsækjandi til viðbótar allan kostnað sem verður umfram þessi 50%. Viðbótarkostnaður samkvæmt þessari reiknireglu er ekki innheimtur samhliða innheimtu yfirlengdargjalda. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

## 8.1

*Heitt vatn – heimæðagjöld.*

Neðangreint verð gildir í þéttbýli þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 50 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Sama gildir um hvern metra sem lengd heimæðar fer yfir 20 m innan lóðarmarka. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn að höfðu samráði við Veitur ohf. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H1H	20 mm	322.107	357.539	399.413
H1H	25 mm	503.291	558.653	624.081
H1H	32 mm	824.593	915.298	1.022.495
H1H	40 mm	1.288.427	1.430.154	1.597.649
H1H	50 mm	2.013.166	2.234.614	2.496.326

**Skýringar:**

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

## 8.2

*Heitt vatn – bráðabirgðatengingar.*

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H2H	20 mm	96.633	107.263	119.825

**Skýringar:**

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

## 8.3

*Heimæðagjöld í dreifbýli (lögbyli og heilsárshús).*

Neðangreint verð gildir þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar ákvarðast af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð

heimæðar til upphitunar húsnæðis tekur mið af rúmmáli þess. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

Taxti	Málstærð m.v. stál	Málstærð m.v. PEX	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H3H	20 mm	25 mm	418.740	464.801	519.238
H3H	25 mm	32 mm	654.279	726.250	811.306
H3H	32 mm		1.071.971	1.189.888	1.329.244

#### Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðagjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðagjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð heimæða sverari en 32 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

#### 8.4

##### *Heimæðagjöld fyrir frístundahús (í samræmi við byggingarleyfi).*

Neðangreint verð gildir í frístundahúsabyggingum þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 100 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

Taxti	Málstærð, skýring	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H4H	20 mm PEX heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	607.048	673.823	752.740
H5H	20 mm PEX heimæð lögð samtímis og í sama skurði og kaldavatnsæð OR	427.412	474.427	529.991

#### Skýringar:

Heitavatnsheimæðar fyrir frístundahús eru lagðar með 20 mm PEX. Ósk um stærra heimæð fellur undir mat Veitna ohf. á styrk dreifikerfis og verði ósk samþykkt greiðir umsækjandi allan viðbótar-kostnað sem fylgir stærra heimæð og þ.m.t. styrkingu á aðveitu.

#### 9. gr.

##### *Merki frá mæli fyrir notanda.*

Beiðni notanda um merki frá mæli til nota við eigið stjórn- eða upplýsingakerfi.

Taxti	Skýring	Án vsk kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H6H	Tengigjald fyrir aðgang að púlsum frá mæli, uppsett tengidós	15.809	17.548	19.603
H7H	Ótímabær mælaskipti, 15-20 mm	10.104	11.215	12.529
H8H	Ótímabær mælaskipti, 25-50 mm	25.260	28.039	31.322
H9H	Ótímabær mælaskipti, 65 mm	30.312	33.646	37.587

#### Skýringar:

Tengigjald er greitt fyrir aðgengi að merki frá mæli. Veitur ohf. setja upp tengidós sem er aðgengileg fyrir notanda að tengja við sinn búnað.

Purfi að skipta um mæli þar sem mælir er ekki hæfur til að gefa frá sér merki þarf notandi að greiða fyrir mælaskipti og dýrari mæli til viðbótar við tengigjald.

Veitur ohf. taka enga ábyrgð á púlsgangangi eða notkun hans og vegna tækniþróunar mæla er ekki mögulegt að ábyrgjast að næsta mælitæki verði með sambærilegum útgangi.

#### 10. gr.

##### *Þjónustugjöld.*

Texti	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
Sedilgjald	193		239
Tilkynningar- og greiðslugjald	92		114
Aukaálestur	5.127	5.691	6.357

Texti	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
Skipting orkureiknings <sup>1</sup>	2.726	3.026	3.380
Innheimtuviðvörðun <sup>2</sup>	950		
Lokunargjald	6.408	7.113	7.946
Lokunargjald fyrir lokun að beiðni notanda. Fyrir sumarhús, endurkoma vegna tengingar eða útkall v/búnaðar notanda <sup>3</sup>	18.494	20.528	22.933
Gjald fyrir opnun utan dagvinnutíma <sup>4</sup>	18.494	20.528	22.933
Gjald fyrir innheimtuaðgerð þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð <sup>5</sup>	322.107	357.539	399.413

**Skýringar:**

<sup>1</sup> Þessi þjónusta er ekki lengur í boði. Gildir fyrir fyrri samþykktar skiptingar.

<sup>2</sup> 20 dögum eftir gjalddaga.

<sup>3</sup> Lokunargjald ef notandi óskar eftir tímabundinni lokun.

Gjald fyrir endurkomu þegar umsækjandi hefur ekki uppfyllt sín skilyrði við áhleyplingu.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda.

Sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

<sup>4</sup> Gjald fyrir opnun sem óskað er eftir að verði framkvæmd utan dagvinnutíma.

<sup>5</sup> 25% álag reiknast á innheimtuaðgerð utan þéttbýlis.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, sbr. reglugerð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur nr. 297/2006, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1154/2017.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. júní 2018.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*